

Mál nr. 70/2019**M og
V vegna heimilistryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á innbúi.****Gögn.**

Málskot, dags. 07.02.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 04.03.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að hluti af innbúi M hafi skemmst í hitaveitutjóni á B. M sé með heimilistryggingu hjá V vegna H en með tímabundið aðsetur á B þar sem hann gegnir þar starfi. V hafnaði bótum á þeim grundvelli að heimilistryggingin gildi ekki um innbúið þar sem það væri staðsett lengur en um stundarsakir á B eins og kveðið sé á um í váttryggingarskilmálanum.

M telur innbúið hafa verið staðsett tímabundið á B þar sem hann var með tímabundinn ráðningarsamning þar. M telur ekki skilgreint nákvæmlega hvað felist í orðinu stundarsakir, þ.e. um hversu langt tímabil er að ræða. Frekar eigi að túlka orðið rúmt í þessum skilningi.

Í bréfi V kemur fram að í 1. gr. skilmála um váttrygginguna sé tiltekið að innbústryggingin taki til innbús, almenns og sérgreinds, í eigu váttryggðra sem staðsett er á því heimili sem tiltekið er í váttryggingarskírteini. Í grein 3.1. komi fram að almennt innbú sem staðsett sé hérlandis utan heimilis um stundarsakir falli undir váttrygginguna og að hægt sé að kaupa sérstakar váttryggingar á þær áhættur sem greinin undanskilji. V telur að innbú M hafi ekki verið staðsett utan heimilis um stundarsakir þar sem hann hafi búið og starfað í S og verið þar með skráð lögheimili. M hafi að mati félagsins verið með tvö heimili og hefði átt að kaupa auka innbústryggingu vegna innbús sem var á B.

Álit.

Í skilmálum heimilistryggingar M sem tekin var fyrir húseignina H kemur fram að váttryggingin ná til innbús á því heimili sem tiltekið er í váttryggingarskírteini. Í skilmálunum kemur einnig fram að váttryggingin taki til innbús sem staðsett er um stundarsakir utan þess heimilis. Innbú það sem um ræðir í málinu var á heimili M á B þar sem hann bjó vegna starfa síns samkvæmt tímabundnum ráðningarsamningi. Samkvæmt gögnum málsins var M með lögheimili að B. M var því til heimilis að B þrátt fyrir að það væri tímabundið og var hann þar af leiðandi með tvö heimili um tíma. Samkvæmt íslenskri orðabók felur orðið stundarsakir í sér að vera til bráðabirgða eða um skamma hríð. Það á ekki við í tilfelli M vegna búsetu hans í S og hann á því ekki rétt á bótum vegna tjóns á innbúi sem var á B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu fyrir H hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson, lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.